

Nr. 19

1. okt.

Lög

um

breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Síðasta málsgrein 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara orðist svo:

Í heimspekideild eru 3 prófessorar. Kennir einn þeirra heimspeki, annar íslenska málfræði og bókmentasögu, og þriðji íslenska sagnfræði að öðru leyti.

Ef dósentinum í sögu Íslands verður veitt prófessorsembætti í íslenskri sagnfræði, skal svo með fara, þá er honum verða talin laun, sem hann hefði haft það embætti frá upphafi háskólans.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 1 október 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R

(L. S.)

Jón Magnússon,